

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2016, miðvikudaginn 14 desember kl. 9.03, var haldinn 174. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Halldór Halldórsson, Hildur Sverrisdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Siguðrsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Másson, Þorsteinn Hermannsson, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### (A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 9. desember 2016.

*Liður nr. 15 og liður nr. 56 í fundargerð skipulagsfulltrúa hefur verið leiðrétt frá því að fundargerðin var send út.*

2. **Gufunes, hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Gufunessvæðis í Grafarvogi** (02.2) Mál nr. SN160149

Kynntar niðurstöður úr hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Gufunessvæðis í Grafarvogi. Sex tillögur bárust í hugmyndasamkeppnina frá arkitektastofum sem valdar voru til þátttöku að undangengnu forvali. Í álitni dómnefndar segir m.a. að allar tillögurnar sex séu vandaðar og vel unnar. Arkitektastofan jvantspikjer+Felixx hlaut fyrstu verðlaun fyrir tillögu sína. Sjá nánar dómnefndarálit, dags. 7. desember 2016.

*Orri Steinarsson arkitekt kynnir.*

*Margrét Leifsdóttir arkitekt og fulltrúi Festa Heimir Sigurðsson sitja fundinn undir þessum lið.*

#### (C) Fyrirspurnir

3. **Héðinsreitur, reitur 1.130.1, (fsp)** (01.130.1) Mál nr. SN160933  
*breyting á deiliskipulagi*  
470912-0650 Festir ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík

Kynnt fyrirspurn Festir ehf., mótt. 9. desember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Héðinsreits.

*Kynnt.*

*Orri Steinarsson arkitekt kynnir.*

*Margrét Leifsdóttir arkitekt og fulltrúi Festa Heimir Sigurðsson sitja fundinn undir þessum lið.*

#### (E) Umhverfis- og samgöngumál

4. **Svifryk, Styrkur svifryks í desember 2016.** Mál nr. US160292

Kynnt niðurstaða úr mælingum á styrk svifryks í Reykjavík í desember 2016.

*Kynnt.*

*„Alvarlegt ástand í loftgæðamálum í Reykjavík, sem birtist með mikilum þéttleika svifryks 10. desember, er áhyggjuefni. Mikilvægt er að fara í forvirkar aðgerðir svo sem fræðslu vegna notkunar nagladekkja og afleiðingar á gatnakerfi sem og áhrif mismunandi vélartegunda á mengun og svifryk. Hraðakstur og akstur stórra bifreiða þyrlar svifryki upp og setur það möguleika þess að nota tímabundnar hraðatakmarkanir að hluta í brennidepil. Rykbinding og þrif gatna er valkostur sem jafnframt þarf að nýta.“*

*Svava Svanborg Steinarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

### (A) Skipulagsmál

5. **Bragagata 35 og Freyjugata 16, niðurrif** (01.186.2) Mál nr. SN160863  
*húsa og uppbygging á lóða.*  
190577-3339 Arnar Már Kristinsson, Grenimelur 5, 107 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Sigurðar Hallgrímssonar, mótt. 15. nóvember 2016, um rífa núverandi einnar hæðar hús á lóðunum nr. 35 við Bragagötu og 16 við Freyjugötu og byggja tveggja hæðar hús í þeirra stað, samkvæmt tillögum A og B Arkþings ehf., dags. 14. nóvember 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2016.

*Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2016.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Hildur Sverrisdóttir og Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir sitja hjá og bóka:*

*“Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Hildur Sverrisdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir, ítreka fyrra álit sitt frá fundi í umhverfis- og skipulagsráði 26. september sl. um að tillaga að uppbyggingu á lóðunum nr. 35 við Bragagötu og nr. 16 við Freyjugötu fellur vel að þeirri byggð sem fyrir er. Auk þess hefur Minjastofnun lagt fram þá umsögn að hún geri ekki athugasemd við niðurrif þeirra tveggja húsa sem fyrir eru. Þau hús eru illa farin og því er betra í þessu tilfelli að byggja nýtt frekar en að byggja við og ofan á þau.”*

*Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

6. **Hátún 6A, stækkun lóðar** (01.235.3) Mál nr. SN160852  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
690988-1519 Háland ehf, Hátúni 6a, 105 Reykjavík

Lögð fram forsögn umhverfis- og skipulagssviðs fyrir breytingu á deiliskipulagi Túna, reitur 1.221.3-4, dags. 9. desember 2016. Áætlað er að stækka þann reit og innlima Hátún 6-8 og Nótún 17 inní þann reit, þannig að umræddur götureitur verður hluti af deiliskipulagi Túnanna. Einnig er erindi Hálands ehf., dags. 8. febrúar 2016, varðandi stækkun lóðarinnar nr. 6A við Hátún.

*Forsögn samþykkt.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

7. **Spítalastígur 8, breyting á deiliskipulagi** (01.184.1) Mál nr. SN160807  
200869-5919 Guðrún María Finnbogadóttir, Spítalastígur 8, 101 Reykjavík  
470673-0369 Arko sf., Langholtsvegi 109, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn Ásmundar Jóhannssonar, mótt. 27. október 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.1 vegna lóðarinnar nr. 8 við Spítalastíg. Í breytingunni felst að stækka 2. hæð hússins að gaflí spítalastígs 10 og hækka framhús um eina hæð þannig að framhús verði 3. hæðir, hækka bakbyggingu að gaflí Bergstaðastætis 17B um eina hæð þannig að bakbygging verði 2. hæðir og nota hluta þaks bakbyggingar sem flóttaleið og til útivistar., samkvæmt uppdr. Arko., dags. 25. nóvember 2016.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Hildur Sverrisdóttir vikur af fundi undir þessum lið.*

*Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

8. **Stekkjarbakki Þ73, nýtt deiliskipulag** (04.6) Mál nr. SN160907

Lögð fram lýsing deiliskipulags norðan Stekkjarbakka, þróunarsvæði Þ73, dags. 1. desember 2016. Deiliskipulagssvæðið er hluti af gildandi skipulagi Elliðaárdals og er um 17 hektarar að stærð og afmarkast af Stekkjarbakka til suðurs, Höfðabakka til austurs og göngustíg við mislægu gatnamótin við Reykjanesbraut til vesturs.

*Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt að vísa lýsingunni til umsagnar Skipulagsstofnunar, Hverfisráðs Breiðholts, Hollvínasamtaka Elliðaárdals, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Borgarsögusafns Reykjavíkur, OR/Veitur, auk eftirfarandi deilda og sviða Reykjavíkurborgar: Samgöngudeild umhverfis- og skipulagssviðs, Heilbrigðiseftirlitið, Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, Skrifstofa framkvæmda og viðhalds hjá umhverfis- og skipulagssviði, Skrifstofa náttúru og garða hjá umhverfis- og skipulagssviði. Skrifstofa reksturs og umhirðu hjá umhverfis- og skipulagssviði.*

*Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

11. **Bergþórugata 5, breyting á deiliskipulagi** (01.190.2) Mál nr. SN160684

080455-4379 Yngvi Sindrason, Fagraþing 4, 203 Kópavogur  
460902-2150 K.J. hönnun ehf, Kringlunni 7, 123 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Yngva Sindrasonar, mótt. 13. september 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.190.2, Njálsgötureits 2, vegna lóðarinnar nr. 5 við Bergþórugötu. Í breytingunni felst fjölgun íbúða í fjórar að hámarki og byggja við húsið bæði að vestan- og austanverður innan byggingarreits, þó verður hluti viðbygginga inndreginn og bætt við svölum á suðurhlíð, samkvæmt uppdr. K.J. hönnunar ehf., dags. 1. september 2016. Tillagan var grenndarkynnt frá 9. nóvember til og með 7. desember 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: 6 íbúar að Bergþórugötu 3, dags. 28. nóvember 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2016.

*Samþykkt sbr. a- lið 1. gr. í viðauka 1.1. í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2016.*

*Margrét Pormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

9. **Lækjargata 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólalbrú 2, breyting á deiliskipulagi** (01.141.2) Mál nr. SN160497

560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík  
630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 38, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Íslandshótel hf. dags. 20. júní 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi vegna Lækjargötu 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólalabú 2 samkv. uppdr. Glámu Kím arkit. dags. 15. september 2016. Í breytingunni felst að dregið er lítillega úr byggingarmagni ofanjarðar, húshlutar eru í við grennri, byggingarreitur jarðhæðar minnkað og garðrými í porti stækkað. Byggingahlutar næst Lækjargötu 10 og Vonarstræti 4 lækka um eina hæð en byggingarhluti næst Kirkjutorgi 6 hækka. Sett eru skilyrði um uppbot útveggjar að Lækjargötu í 4 einingar og gerð er grein fyrir varðveislu og frágangi fornminja. Einnig er lagt fram minnisblað Glámu Kím, dags. 5. júlí 2016. Tillagan var auglýst frá 7. október til og með 18. nóvember 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hilmar Gunnarsson, dags. 16. nóvember 2016, Ólafur Torfason, Þróstur Ólafsson og Þorsteinn Bergsson f.h. lóðareigenda, dags. 16. nóvember 2016, Þóra Andrésdóttir, dags. 18. nóvember 2016, Jónas Örn Jónasson hdl. f.h. Þórsgarðs ehf. og eiganda Kirkjutorgs 6A, dags. 18. nóvember 2016 og Kolbeinn Karl Kristinsson, dags. 19. nóvember 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. desember 2016. *Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. desember 2016.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Hildur Sverrisdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir sitja hjá og bóka:  
„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson, Hildur Sverrisdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir telja að fyrirhugaðar nýbyggingar við Vonarstræti, Lækjargötu og Skólalabú sem byggja á deiliskipulagi frá árinu 2008 séu stórgerðar í umhverfi sínu. Dregið hefur verið úr byggingarmagni eftir athugasemdir í umhverfis- og skipulagsráði en þessar byggingar taka mikið pláss í umhverfi þar sem byggðin er fíngerð í klassískum stíl eldri borgarbyggðar og mikilvægt að koma sem mest til móts við athugasemdir sem koma úr grenndinni.”*

*Vísad til borgarráðs.*

*Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

10. **Hverfisgata 85-91 og 93, Barónsreitir,** Mál nr. SN160843  
*breyting á deiliskipulagi*  
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Rauðsvíkur ehf., mótt. 8. nóvember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Barónsreits vegna lóðanna nr. 85-91 og 93 við Hverfisgötu. Í breytingunni sameining lóðanna og flytja íbúðarheimildir þriggja íbúða af Skúlagötu 30 yfir á Hverfisgötu 95-91, samkvæmt uppdr. Tark. ehf., dags. 9. desember 2016.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Vísad til borgarráðs.*

*Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

## **(B) Byggingarmál**

12. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423  
*Fundargerð*

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 904 frá 13. desember 2016.

13. **Garðsendi 9, Svalir - 1.hæð** (01.824.406) Mál nr. BN051960  
270183-5229 Bjarni Þröstur Magnússon, Garðsendi 9, 108 Reykjavík  
100487-2849 Sunneva Lind Ólafsdóttir, Garðsendi 9, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. nóvember 2016 þar sem sótt er um leyfi til að byggja svalir á 1. hæð með tröppur niður í garð við fjöleignarhús á lóð nr. 9 við Garðsenda. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. desember 2016.

Samþykki meðeigenda ódags. fylgir erindi. Gjald kr. 10.100

*Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.*

*Samþykkt að falla frá frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

*Kl. 12:00 víkur Hildur Sverrisdóttir af fundi, Herdís Anna Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum í hennar stað.*

### (C) Fyrirspurnir

14. **Úlfarsfell, (fsp) fjarskiptamastur** (02.6) Mál nr. SN130202  
470905-1740 Fjarskipti hf., Ármúla 13A, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Fjarskipta hf. dags. 17. apríl 2013 varðandi uppsetningu á 40 m. háu fjarskiptamastri á Úlfarsfelli. Fyrirspurninni var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju. Einnig er lagt fram bréf Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 19. júní 2013 og tölvupóstur Gauta Þorsteinssonar f.h Fjarskipta hf. og Ríkisútvarpsins dags. 14. ágúst 2015 og 7. nóvember 2014. Jafnframt er lögð fram greinargerð Mannvits, dags. í mars 2016, minnisblað Fjarskipta hf., ódags., bréf Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 2. desember 2016 og Fjarskipta hf. og Ríkisútvarpsins ohf., dags. 5. desember 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2016.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2016 samþykkt. Jafnframt samþykkir umhverfis- og skipulagsráð að áframsenda gögn málsins til Hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals til upplýsingar.*

*Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

15. **Snorrabraut 54, (fsp) breyting á** (01.193) Mál nr. SN160839  
*deiliskipulagi*  
070859-2119 Páll Hjalti Hjaltason, Gnitanes 10, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Páls Hjalta Hjaltasonar, mótt. 7. nóvember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 54 við Snorrabraut sem felst í að byggja upp verslun, þjónustu og hótél, samkvæmt ódags. tillögu. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2016.

*Umhverfis- og skipulagsráðs tekur jákvætt í að sótt verði um breytingu á deiliskipulagi fyrir Snorrabraut 54 en með minna byggingarmagni en gert er ráð fyrir skv. teikningum sem fylgja fyrirspurninni eins og fram kemur í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. desember 2016.*

*Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

16. **Austurstræti 10A, (fsp) breyting á efstu** (01.140.4) Mál nr. SN160900

*hæð hússins*

660411-1350 H.G.G. - Fasteign ehf., Sómatúni 6, 600 Akureyri  
611206-0460 Form ráðgjöf ehf, Eyrarvegi 4, 600 Akureyri

Lögð fram fyrirspurn arkitektastofunnar Form ráðgjöf ehf., mótt. 29. nóvember 2016, varðandi breytingu á 5. hæð hússins á lóð nr. 10A við Austurstræti sem felst í breytingu á innra fyrirkomulagi íbúðar, nýjum glerskála til norðurs, hækkun á þaki yfir stofu, koma fyrir þakskyggnum á austur og vesturhlið glerskála o.fl., samkvæmt tillögu arkitektastofunnar Form ráðgjöf ehf., dags. 10. ágúst 2016. Einnig er lagt fram bréf Ágústs Hafsteinssonar arkitekts f.h. arkitektastofunnar Form ráðgjöf ehf., dags. 3. nóvember 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. desember 2016.

*Jákvætt er tekið í breytingar á ytra útliti í samræmi við umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. desember 2016. Ekki er heimilt að reka gistipjónustu í húsinu.*

*Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

17. **Austurstræti 17, (fsp) stækkun 6. hæðar** (01.140.3) Mál nr. SN160864  
*til suðurs*  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn THG arkitekta ehf., mótt. 15. nóvember 2016, um að stækka 6. hæð hússins á lóð nr. 17 við Austurstræti til suðurs þar sem í dag eru svalir, samkvæmt meðfylgjandi greinargerð THG arkitekta ehf., dags. 15. nóvember 2016 og skýringarmyndum. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. desember 2016.

*Umhverfis- og skipulagsráð tekur jákvætt í að fyrirspyrjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi, á eigin kostnað, í samræmi við fyrirspurnina og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. desember 2016.*

*Afgreiðsla þessi felur ekki í sér skuldbindingu af hálfu umhverfis og skipulagsráðs til að fallast á væntanlega tillögu að deiliskipulagi.*

*Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

### **(E) Umhverfis- og samgöngumál**

18. **Grandavegur, lokun fyrir gegnumferð,** Mál nr. US160252  
*undirskriftalisti íbúa (USK2016110016)*

Lagður fram tölvupóstur Daggar Hjaltalín, dags. 12. október 2016 ásamt undirskrifarlista íbúa við Grandaveg og nágrenni þar sem óskað er eftir lokun Grandavegar fyrir gegnumferð og að tekin verði upp tvístefna beggja megin við lokun. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 8. desember 2016.

*Samþykkt að tekin verði upp einstefna á Grandavegi til norðvesturs frá Framnesvegi að innkeyrslunni við Grandaveg 41-43 með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.*

*Stefán A. Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

9. **Réttarháls, stöðubann** Mál nr. US160288

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 6. desember 2016, þar sem lagt er til að sett verði stöðubann við Norðurkant Réttarháls frá Hálsabraut að innkeyrslu að Réttarhálsi 2.

*Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.*

*Stefán A. Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

20. **Vatnsstígur 3, stöðubann** Mál nr. US160289

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 6. desember 2016, þar sem lagt er til að sett verði stöðubann við vesturkant Vatnsstígs frá afmörkuðu bílastæði við Vatnsstíg 21 að Lindargötu  
*Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.*

*Stefán A. Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

21. **Laugavegur 77, stæði fyrir hreyfihamlaða** Mál nr. US160290

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 8. desember 2016, þar sem lagt er til að gerð verði tvö samsíða stæði fyrir hreyfihamlaða við Laugaveg 77.  
*Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.*

*Stefán A. Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

22. **Kvosin, gatnahönnun, kynning** Mál nr. US160293

Kynning á verkefnislýsingu fyrir gatnahönnun Kvosarinnar.  
*Kynnt.*

Hildur Gunnlaugsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (D) Ýmis mál

23. **Umhverfis- og skipulagssvið, níu mánaða uppgjör** Mál nr. US160284

Lagt fram 9 mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs janúar til september 2016. Einnig er lagt fram uppgjör yfir ferðakostnað fyrstu 9 mánuði ársins.

*Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

24. **Norðlingabraut 6, málskot** (04.732.6) Mál nr. SN160856  
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lagt fram málskot Helga M. Hallgrímssonar, dags. 11. nóvember 2016, vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 21. október 2016 varðandi breytingu á notkun lóðarinnar nr. 6 við Norðlingabraut úr atvinnustarfsemi í íbúðir, samkvæmt frumtillögu Arkþings ehf., ódags.  
*Fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 21. október 2016 staðfest.*

*Umhverfis- og skipulagsráð bókar:*

*“Ráðið tekur jákvætt í að skoða breytingu á landnotkun á skipulaginu til að auka sjálfbærni hverfisins og blöndun.*

*Þó er tekið undir í umsögn skipulagsfulltrúa að skoða ætti þessar breytingar í stærra skipulagslegu samhengi og gerð hverfis skipulags sem er komin langt á veg, án þess að teyja málið um of.”*

*Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

25. **Sævarhöfði 33, Björgun, vegna starfsleyfis** Mál nr. SN160938

Lögð fram beiðni heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 15. nóvember 2016 um umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Björgunar ehf. um endurnýjun starfsleyfis fyrir starfsemi sína að Stórhöfða 33. Einnig lögð fram til kynningar umsögn verkefnisstjóra aðalskipulags, dags. 9. desember 2016.  
*Kynnt.*

*Magnea Guðmundsdóttir vísar til fundi undir þessum lið.*

*Haraldur Sigurðsson og Rósa Magnúsdóttir deildarstjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið.*

26. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030:** Mál nr. SN150367  
**framfylgd, skýrsla um framfylgd**

Lögð fram skýrsla um framfylgd Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, dags. 14. desember 2016 ásamt mælikvörðum.  
*Lagt fram*  
*Vísar til borgarráðs.*

*Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið*

27. **Seltjarnarnes, aðalskipulag 2016-2033** (01.51) Mál nr. SN160894  
560269-2429 Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes

Lagt fram erindi byggingarfulltrúa Seltjarnarness, dags. 21. nóvember 2016 ásamt tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033, dags. 31. október 2016. Tillagan er í auglýsingu með frest til að gera athugasemdir til 31. desember 2016. Einnig er lögð fram umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 8. desember 2016.  
*Umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 8. desember 2016 samþykkt.*

*Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið*

28. **Keilugrandi/Boðagrandi/Fjörugrandi,** (01.513.3) Mál nr. SN150467  
*breyting á deiliskipulagi*  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
130473-5559 Jón Valgeir Björnsson, Bárugata 37, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 19. október 2016 þar sem gerðar eru athugasemdir við afgreiðslu erindisins. Einnig er lögð fram breytt greinargerð og skilmálar uppfært 5. desember 2016, ásamt hljóðvistaraskýrslu Trivium rjáðgjafa dags. 1. nóvember 2016, minnisblaði Eflu varðandi hæðarsetningu aðkomuhæðar og flóðamál dags. 28. nóvember 2016 og tölvupóstur siglingasviðs Vegargerðarinnar dags. 2. desember 2016. Einnig lagt fram svarbréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. desember 2016.  
*Svarbréf skipulagsfulltrúa, dags. 9. desember 2016 samþykkt ásamt breyttri greinargerð og skilmálum Kanon arkitekta síðast breytt 5. desember 2016.*

*Vísar til borgarráðs*

*Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

29. **Starhagi, breyting á deiliskipulagi** (01.555) Mál nr. SN130597  
530214-0870 Teiknistofan Stord ehf., Laugavegi 168, 105 Reykjavík  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík



Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 9. nóvember 2016, með athugasemdum varðandi erindið. Einnig er lagður fram uppd. Teiknistofunnar Storð ehf., dags. 30. júní 2016 síðast breytt 12. desember 2016. Einnig er lagt fram svarbréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 9. desember 2016.  
*Svarbréf skipulagsfulltrúa, dags. 9. desember 2016 samþykkt ásamt deiliskipulagsuppdráttur Storðar ehf, síðast breytt 12. desember 2016.*

*Vísað til borgarráðs*

*Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

30. **Grensásvegur 16A og Síðumúli 37-39,** (01.295.4) Mál nr. SN150628  
*deiliskipulag*  
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur  
580815-1110 íborg ehf., Huldubraut 30, 200 Kópavogur

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 25. nóvember 2016, þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagssins Grensásvegur 16A og Síðumúli 37-39 í B-deild Stjórnartíðinda. Einnig er lagður fram breyttur deiliskipulagsuppdráttur ALARK dags. 16. desember 2015 síðast breytt 13. desember 2016 ásamt skýringarmyndum og skuggavarpí og svarbréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 12. desember 2016.  
*Svarbréf skipulagsfulltrúa, dags. 9. desember 2016 samþykkt ásamt deiliskipulagsuppdrætti Alark dags. 13. desember 2016.*  
*Vísað til borgarráðs*

*Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

31. **Betri Reykjavík, lækinn aftur í** Mál nr. US160007  
*Lækjargötu og meðfram gamla hafnarbakkanum! (USK2015120053)*  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „lækinn aftur í Lækjargötu og meðfram gamla hafnarbakkanum!“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. desember 2015. Erindið var efsta hugmynd desembermánaðar 2015 í málaflokknum skipulagsmál. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. desember 2016.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. desember 2016 samþykkt.*

32. **Betri Reykjavík, endurnýja léleg hús** Mál nr. US160051  
*með uppkaupum og reglugerðum*  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „endurnýja léleg hús með uppkaupum og reglugerðum“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. janúar 2016. Erindið var efsta hugmynd janúarmánaðar 2016 í málaflokknum skipulag. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. desember 2016.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. desember 2016 samþykkt.*

33. **Fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina,** Mál nr. US160201

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina: "Óskað er eftir upplýsingum um fjölda byggingarleyfa sem veitt hafa verið eftir samþykki Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 þar sem fylgt hefur verið eftir markmiðum aðalskipulagsins um að allt að 25% íbúða séu miðaðar við þarfir þeirra sem ekki vilja leggja eða ekki geta lagt mikið fé í eigið húsnæði. Er óskað

eftir upplýsingum á hvaða lóðum slík byggingarleyfi hafa verið veitt og fyrir hve margar íbúðir á hverri lóð fyrir sig." Einnig er lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs dags. 5. desember 2016.

34. **Hallsvegur, ósk um breytingu á götuheiti** Mál nr. US160294

Lögð fram eftirfarandi bókun áheyrnarfulltrúa framsóknar og flugvallarvina á fundi hverfisráðs Grafarvogs þriðjudaginn 11. október 2016: "Hverfisráð Grafarvogs óskar eftir við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar að skipt verði um nafn á götu í hverfinu þ.e. "Hallsvegur " verði framvegis nefndur "Fjölnisbraut". Vegur þessi tengir saman stóran hluta Grafarvogs við helstu íþrótta- og frístundamannvirki hverfisins. Meðal annars liggur vegur þessi meðfram keppnisíþróttavelli og sundlaug við Dalhús og leggur leið að hinni glæsilegu Egilshöll og einnig að frístundasvæðinu við Gufunes. Það er því kjörið að vegur þess hafi tengingu í stolt Grafarvogs þ.e. Ungmennafélagið Fjölni."

*Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, byggingarfulltrúa.*

35. **Bræðraborgarstígur 23, kæra 141/2016,** (01.137.0) Mál nr. SN160818  
*umsögn, úrskurður*  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ásamt kæru, dags. 1. nóvember 2016, þar sem kært er byggingarleyfi fyrir Bræðraborgarstíg 23. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 3. nóvember 2016. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 8. desember 2016. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda.

36. **Þrastargata 1-11, nr. 5, kæra 126/2016,** (01.553.1) Mál nr. SN160761  
*umsögn, úrskurður*  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ásamt kæru, dags. 21. september 2016 þar sem kært er byggingarleyfi fyrir viðbyggingu á lóð nr. 5 við Þrastargötu í Reykjavík. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 10. nóvember 2016. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 8. desember 2016. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa frá 30. ágúst 2016 um að samþykkja leyfi til að byggja við húsið nr. 5 við Þrastargötu.

37. **Fiskislóð 31, breyting á deiliskipulagi** (01.089.1) Mál nr. SN160808  
680708-0290 Sjávarbakkinn ehf., Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík  
490216-0650 GP-arkitekt ehf., Litlubæjarvör 4, 225 Álftanes

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. desember 2016, vegna samþykkis borgarráðs dags. 1. desember 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar vegna lóðarinnar nr. 31 við Fiskislóð.

38. **Garðabær, tillaga að aðalskipulagi** Mál nr. SN160812  
*Garðabæjar 2016-2030, forkynning*  
570169-6109 Garðabær, Pósthólf 40, 212 Garðabær

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. desember 2016, vegna samþykkis borgarráðs dags. 1. desember 2016 á umsögn umhverfis- og skipulagssviðs vegna tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

39. **Reykjavíkflugvöllur flugvallargeiri** (01.6) Mál nr. SN160747

**4, breyting á deiliskipulagi**

550210-0370 Isavia ohf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík  
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. desember 2016, vegna samþykkis borgarráðs dags. 1. desember 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkflugvallar.

40. **Aðalskipulag Reykjavíkur, veitinga- og gististaðir, breyting á aðalskipulagi vegna heimilda um veitinga- og gististaði** Mál nr. SN160890

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. desember 2016 vegna samþykkis borgarráðs dags. 1. desember 2016 varðandi breytingu á aðalskipulagi vegna heimilda um veitinga- og gististaði.

41. **Eiðsgrandi - Ánanaust, deiliskipulag** (01.5) Mál nr. SN160820

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. desember 2016 vegna samþykkis borgarráðs dags. 1. desember 2016 varðandi deiliskipulag fyrir strandsvæði Eiðsgranda - Ánanaustar.

**Fundi slitið kl. 15.55**

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir  
Gísli Garðarsson  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Sverrir Bollason  
Halldór Halldórsson  
Guðfinna J. Guðmundsdóttir

## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 13. desember kl. 10.15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 904. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Skúli Þorkelsson, Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Músson, Björn Kristleifsson, Eva Geirsdóttir, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack  
Fundarritari var Harri Ormarsson

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

- 1. Alþingisreitur** (01.141.106) 100886 Mál nr.  
BN051803  
420169-3889 Alþingi, Kirkjustræti, 150 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hækka stigahús milli Kirkjustrætis 8B og 10 sbr. deiliskipulagsbreytingu dags. 19.8. 2016 og sem þjóna mun sem inngangur á 3. hæð og sem flóttaleið í húsi á lóð nr. 8B við Kirkjustræti.  
Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21.9. 2016.  
Stærðir, breytingar, 11,8 ferm. og 106,5 rúmm. brúttó.  
Gjald kr. 10.100  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
- 2. Austurstræti 14** (01.140.409) 100852 Mál nr.  
BN051998  
430400-3390 Reitir IV ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi kaffihúss sem felst í að nýta hurð á austurhlið sem aðalinnangang, gera nýtt eldhús á 1. hæð og breyta innréttingum í sal, ásamt breytingum á gestasnyrtingum, eldhúsi og starfsmannaaðstöðu í kjallara í húsi á lóð nr. 14 við Austurstræti.  
Gjald kr. 10.100  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*  
*Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.*
- 3. Austurvöllur/ Thorvaldsens** (01.140.418) 100859 Mál nr.  
BN051995  
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja upp 10,5/8 metra auglýsingaskilti á norðurgafli húss á lóð nr. 11 við Aðalstræti.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. desember 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. desember 2016.  
Gjald kr. 10.100  
*Synjað.*  
*Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. desember 2016.*
- 4. Ásvallagata 27** (01.162.205) 101263 Mál nr.  
BN051531  
211086-2549 Brynjar Úlfarsson, Ásvallagata 27, 101 Reykjavík

020371-4399 Steinunn Thorarensen, Ásvallagata 27, 101 Reykjavík  
240381-7299 Jómar Axel Úlfarsson, Ásvallagata 27, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tvo kvisti samhliða endurnýjun á þaki, ásamt veggsvölum á bakhlið á 1. og 2. hæð og rishæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 27 við Ásvallagötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. ágúst 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2016.

Stækkun A-rými 0 ferm., x rúmm.

Gjald kr. 10.100

*Frestað.*

*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

5. **Bankastræti 14** (01.171.202) 101383 Mál nr.  
BN051954

600804-2350 Fákafen ehf., Fákafeni 11, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja yfir svalir á 4. hæð til suðurs í fjöleignarhúsi á lóð nr. 14 við Bankastræti.

Stækkun A-rými x ferm., x rúmm.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18.11.2011 við fsp BN0110410.

Samþykki meðeigenda dags. 01.10.2016 fylgir erindi.

Bréf arkitekts dags. 14.11.2016 fylgir erindi.

Gjald kr. 10.100

*Frestað.*

*Erindið er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa.*

6. **Barónsstígur 18** (01.174.214) 101617 Mál nr.  
BN052047

290478-4729 Yngvi Finndal Heimisson, Barónsstígur 18, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að stigi milli kjallara og 1. hæðar hefur verið fjarlægður og íbúð breytt í tvær gistiíbúðir í notkunarflokki 4 í húsi á lóð nr. 18 við Barónsstíg.

Gjald kr. 10.100

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*

7. **Básendi 12** (01.824.015) 108387 Mál nr.  
BN051984

071062-3689 Sveinn Óskar Þorsteinsson, Brúnastaðir 59, 112 Reykjavík

